

# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

---

## Fréttir og félagsmál.

---

Að koma framsókn mannkynsins í hið rétta horf, það er hlutverk íslensku þjóðarinnar.

*Helgi Pjeturss.*



GÍGURINN Í ARIZONA

---

Útgefandi: Félag Nýalssinna.  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:  
Ingvar Agnarsson.

# Gígurinn mikli í Arizona

(SJÁ FORSÍÐUMYND)

Á myndinni sjáum við loftmynd af gígnum merkilega, sem er nálægt Canyon Diablo í Arizona í Ameríku. Hann er merkilegur vegna þess, að uppruni hans er talinn vera á annan veg en annarra gíga á jörðu okkar. Álitid er, að þarna hafi loftsteinn mikill eða vígahnöttur fallið til jarðar fyrir þúsundum ára.

Þvermál gígsins er 1.250 m og dýpt hans er um 180 m. Brúnirnar ná 40 m upp yfir sléttlendið í kring. Gískað er á að loftsteinninn, sem valdið hefur þessari gígmyndun, hafi verið um 100.000 tonn að þyngd, og að hann hafi verið úr járni að mestu leyti, eins og algengt er um suma loftsteina, sem rannsakaðir hafa verið.

Stærsti loftsteinn, sem vitað er um eftir að sögur hófust, féll til jarðar í Síberíu árið 1908, nálægt fljótinu Tunguska. Loftþrýstingurinn frá vígahnetti þessum varð svo mikill að skógurinn féll á svæði, sem var um 70—100 km í þvermál. Loftþylgjan sem myndaðist og gekk út frá svæðinu í allar áttir var svo öflug, að hún náðist á loftþrýstimæla í Vestur-Evrópu.

Þess má þó geta, að ekki eru allir sammála um orsakir þessa mikla loftþrýstings eða sprengingar í Síberíu árið 1908, og telja sumir að aðrar orsakir en loftsteinn hafi verið þarna að verki.

Merki um loftsteina, sem fallið hafa á forsögulegum tíma finnast á ýmsum öðrum stöðum á jörðinni, svo sem í Ástralíu, Arabíu og Kanada.

Stjörnuhröp, loftsteinar, vígahnettir, allt eru þetta fyrirbæri sama eðlis, og stafa af misjafnlega stórum steinum í geimnum, sem verða á leið jarðarinnar og falla þá inn í gufuhvolf hennar. Aðeins þeir stærstu ná yfirborði hennar. Þeir minni brenna upp vegna núnings við loftagnirnar á leið sinni niður til jarðar.

Ef við vökum heila nótt og hugum að stjörnuhröpum, kemur í ljós að fæst eru þau fyrri hluta nætur en flest þegar líður að morgni. Orsök þessa er sú, að á morgnana og á daginn erum við stödd á þeirri hlið jarðarinnar sem fer á undan á göngu hennar um sólu, og efnisagnir geimsins falla einkum á þá hlið hennar, sem á undan fer.

*Ingvar Agnarsson.*

*Heimildir: Astronomi, eftir Agvald Gjelsvik  
og Bogen om månen, eftir Asger Lundbak.*



## Fréttir af félagsstarfi

### Félagsfundur 7. maí 1975.

Þann 7. maí s.l. var haldinn almennur félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfhólsvegi 121.

Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn og stjórnaði honum. Skipaði hann til ritarastarfa Ragnar Þorsteinsson.

Samkvæmt dagskrá fundarins voru málefni tekin fyrir í þessari röð:

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt með nokkrum breytingum.

Erindi um miðilsfundi og öndun eftir Garðar Olgeirsson, er formaður las. Nokkrar umræður urðu um öndun og æfingar og þjálfun í því sambandi.

Formaður las smá erindi um ýmislegt, sem styður að betra sambandi og samstillingu milli manna og einstakra hópa. Að lokum bar formaður fram nokkrar spurningar um hvort athugandi væri að koma á innan félagsins í einhverju formi aðferðum til samstillingar, t. d. söng, tónlist eða jafnvel dansi. Nokkrar umræður urðu um þetta mál, en ekki bornar fram sérstakar tillögur.

Þorsteinn Guðjónsson flutti erindi er hann kallaði Hyperzoon úr Ennnýal; heimspekilegt efni um guðdóm og tilorðningu hans, tilgang og athafnir. Nokkrar umræður urðu um erindið. Magnús Norðdahl tók til máls og talaði um skrif Heimis skólastjóra í Skálholti um miðla og spiritista.

Félagsmál: Formaður gat þess að nokkrir Nýalssinnar hefðu farið fyrir tæpri viku austur að Flúðum í Hrunamannahreppi og haldið þar miðilsfund og umræður með Hreppamönnum. Formaður drap á, í sambandi við tillögu Kjartans Norðdahl, að fyrir nokkru hafi verið rætt á stjórnarfundi um að koma á eins konar fyrirspurnartíma á föstudögum. Slíkt hefði reyndar verið reynt áður, en þátttaka orðið lítil.

Kjartan spyr um nefndir og störf þeirra.

Formaður svaraði og taldi upp nokkrar nefndir og taldi að ekki lægi mikið eftir sumar þeirra.

Önnur spurning frá Kjartani: Um myndatöku á Nýalssinum.

Svar: Benedikt Björnssyni var falin framkvæmd í því máli.

Talað var um lífgeislunarmyndavél og segulmælingatæki Ævars Jóhannessonar og tóku til máls um það efni Sigríður, Kjartan og Þorsteinn Guðjónsson.

Þriðja spurning Kjartans var um það hvort fyrir lægi verð á öllum ritum og bæklingum félagsins. Svo er ekki. Stungið var upp á að stjórnin annaðist málið.

Fjórdá spurning: Hvað er að segja af endurútgáfu Nýals?

Fimmta spurning: Hvað er títt um nýtt húsnæði félagsins.

Svar: Ekkert hefur gerst í þeim málum.

Tillaga kom fram frá Kjartani Norðdahl: Kosin skal þriggja manna upplýsinganefndar, til að starfa fyrir Félag Nýalssinna. Ný nefnd skal kosin á þriggja mánaða fresti. Samþykkt var að taka málið út af dagskrá og vísað til stjórnar félagsins.

Þá tók til máls Helgi Guðlaugsson og tók aftur tillögu, sem hann hafði lagt fram á síðasta fundi. Hann minntist einnig á, að nauðsynlegt væri að sigrast á eigin erfiðleikum innan félagsins, svo sem úlfúð og misklíð og óeiningu milli manna um einstök málefni.

Magnús Norðdahl talaði næstur og minnti á umræður, sem áður hefðu orðið, um sérstakan fundardag í hverjum mánuði og var stjórninni falið að leysa það mál.

Pétur Gíslason tók næstur til máls og taldi Nýalssinna vanta grundvallarmenntun og væri mönnum nauðsynlegt að hressa upp á efnafræðikunnáttu sína.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

#### **Félagsfundur 4. júní 1975.**

Þann 4. júní 1975 var haldinn félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfhólsvégi 121. 17 voru mættir á fundinum.

Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt.

Þá gaf fundarstjóri Þorsteini Guðjónssyni orðið og talaði hann um ýmislegt markvert, sem gerst hafði í síðasta mánuði. Minntist



hann á för Nýalssinna austur í Laugardal. Einnig taldi hann að deilur og misklíð með þjóðinni hefði ill áhrif á sambandsmál.

Næstur tók til máls Helgi Guðlaugsson og gerði grein fyrir þeirri vitneskju, sem fékkst í austurferðinni varðandi land það sem félagi Nýalssinna var gefið. Nokkrar umræður urðu um málið og kom mikill áhugi í ljós fyrir því hvaða landspildu Nýalssinnar hrepptu.

Þorsteinn Guðjónsson tók því næst til máls og gaf greinargóða skýringu á uppruna þessa máls. Hann kvaðst óska þess, að farið yrði að þessum skiptum með hógvæð, gát og góðum hug.

Þá hóf Ingvar máls og bað Atla að lesa upp grein úr Ganglera eftir Baxter um frumskynjun jurta; athyglisvert efni um tilraunir með lygamæli á jurtum. Síndu þær tilraunir ótvírætt, að jurtir geta skynjað hugsanir manna. Í ljós kom, í tilraunum þessum, að jurtir uxu betur í návist manna með glaðlegt viðmót og göfugt hugarfar. Var gerður góður rómur að upplestri Atla.

Næstur tók til máls Pétur Gíslason og ræddi um efnaskipti jurta og skyldleika allra — jurta, dýra og manna og að allt væri af einni ætt.

Rabb og almennar umræður urðu svo nokkrar, einkum um efnið úr lestri Atla. Formaður flutti svo erindi, sem hann kallaði: „Er öll hugsun myndræn?“ Nokkrar umræður urðu um efnið og tóku til máls Kjartan Norðdahl, Sigurður Ólafsson o. fl.

Félagsmál: Formaður las upp úr tveim bréfum. Magnús Norðdahl lýsti því yfir, að hann væri orðinn afhuga því að hafa sérstaka upplýsingafundi á föstudögum, eins og komið hafði til tals.

Rætt var um nauðsyn þess að hafa betri stjórn á miðilsfundum og urðu nokkrar umræður þar um. Margir tóku til máls.

Tillaga kom frá Þorsteini Guðjónssyni um að stjórnin talaði við 3—4 menn, sem skiptu með sér verkum með stjórn á mánu dagsmiðilsfundum. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með átta samhljóða atkvæðum.

Helgi Guðlaugsson talaði næstur og ræddi um innheimtu félagsgjalda. Tillaga kom fram frá Helga um að þeir einir teldust félagar í Félagi Nýalssinna, sem greiddu félagsgjaldið.

Nýir félagar: Samþykkt var með 10 atkvæðum að veita Þórarni Helgasyni, Laugarnesvegi 64, inngöngu í félagið.

Önnur mál: Rætt var um frágang á lóð félagsins, Álfhólsv. 121.

Kjartan Norðdahl las síðan upp kafla úr Ennnýal.

Fleira var ekki fyrir tekið. Fundi slitið eftir kl. 11.

## Félagsfundur 2. júlí 1975.

Almennur félagsfundur Nýalssinna var haldinn að Álfrólsvégi 121 2. júlí s. l. og hófst hann kl. 9.10 e. h.

Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn og bað hann Steingerði Þorsteinsdóttur vera fundarritara í forföllum Ragnars Þorsteinssonar, en sjálfur tók hann að sér fundarstjórn.

Hann las síðan dagskrá fundarins, og bað síðan Þorstein Guðjónsson byrja á því að segja eitthvað um atburði liðins mánaðar.

Tók hann til máls og minntist þar m.a. á skýrslu Erlends Haraldssonar, þar sem fram kemur, að 28 af hverjum 100 Íslendingum telja annað hvort víst, líklegt eða mögulegt, að þeir muni lifa eftir dauðann á öðrum hnöttum. Þorsteinn minntist á sjónvarps- umræður um sambandsmál eða dulræn mál, á trúmála- og sambandsmálaumræður í blöðum og víðar, á undarlega samþykkt prestastefnu og á greinar sem birst hafa í blöðum. Hann nefndi það einnig að í inngangserindi að fyrirlestur um jarðfræði Íslands í útvarpinu hefði Sigurður Steinþórsson jarðfræðingur minnst á brautryðjendastarf Helga Þjeturss í jarðfræðinni. Væri þetta ekki nema sjálfsagt, en þar sem oft hefði vantað á það að þessarar sjálf- sögðu skyldu væri gætt, minntist hann nú á þetta.

Þorsteinn gat þess að komið hefði út nýtt hefti af Félagsblaði Nýalssinna í mánuðinum, og væri það í líku formi og Lífgeislar, en með annarri tegund efnis. Hann bentí loks á það, að eins og sjá mætti væri nú komin steinsteypstétt að húsinu Álfrólsvégi 121, og hefðu það verk unnið eins og fleira þarft í þessu félagi þeir Sigurður Guðmundsson og synir hans Sigmundur og Guðmundur.

Sigurður Ólafsson minntist á það í sambandi við mánaðaryfirlitið, að í einum umræðuþætti sjónvarpsins hefði verið minnst á kenningu Nýals og gerði það Sören Sörensson.

Atli Hraunfjörð sagði frá því, að í Suðurnesjatíðindum hefðu þegar birst tvær greinar eftir Einar Guðmundsson um kenningu Nýals og væri von á þeirri þriðju.

Næsta mál á dagskrá var félagsmál, og hófst það með því að Helgi Guðlaugsson flutti frásögn sína af nýjum sérstökum miðilsfundum með Erni Friðrikssyni og Péttri Ólafssyni. Taldi hann mikils mega vænta af þessum tilraunum og hvatti til að sýna þeim áhuga.

Helgi las upp gjafabréf Guðrúnar Grímsdóttur um landið Gröf í Laugardal. Hann sagði frá því að rætt hefði verið um það á



stjórnarfundi, að engar ákvarðanir skyldu teknar um ráðstöfun þeirrar eignar án þess að bera slíkt áður undir félagsfund.

Pétur Gíslason flutti fundarmönnum kveðju frá Önnu Pjeturss og þokkuðu menn honum þau orð. Síðan tók hann til máls um vísindi og fræðimennsku og um nauðsyn þess að safna og gefa út verk Helga Pjeturss, og urðu nokkrar umræður í framhaldi af þessu. Pétur sagði að það þyrfti að vera sérstakur bóksöluaður hjá félaginu, sem héldi skrá yfir allar bækur þess, hvað þær kostuðu og hverjar væru fáanlegar. Það þarf að víkka út starf félagsins sagði Pétur. Hann sagði að stórt hljóðfæri væri væntanlegt í salinn á næstunni, sem keypt hefði verið handa Félagi Nýalssinna. Svo þyrfti að vera söngfólk til að syngja á fundum félagsins. Það á að halda konserta í salnum. „Það þarf vísindamenn til þess að vinna að þessu máli,“ sagði Pétur, og hann hafði það eftir félagsmanni, að það væri kák, að félagið ætti upptökutæki og notaði þau ekki.

Ingvar svaraði því til, að allt starf væri tímafrekt og framkvæmdir kostuðu peninga, en nær allt sem gert væri í þessu félagi væri sjálfboðastarf.

Síðasta dagskráratriði var eftirtektarvert erindi „Um fljúgandi diska og geimverur,“ sem Haraldur Hermannsson flutti. Rakti hann ýmsar frásagnir af þeim fyrirbærum, en þau taldi hann löngum gera vart við sig þar sem miklir atburðir væru að gerast. Í Ástralíu væru fyrirbæri af þessu tagi tíð og einnig í Argentínu, og þar væru þau líka viðurkennd opinberlega. „En íslenska ríkið viðurkennir ekki fljúgandi diska,“ sagði Haraldur Hermannsson. Haraldur er félagi í „HÍRÓN“ auk þess sem hann er nýr félagi í Félagi Nýalssinna.

Ýmsir tóku til máls í tilefni af erindi Haralds, þar á meðal Pétur Gíslason, sem sagðist viðurkenna tilveru flugdiskafyrirbæranna. Pétur skaut því einnig fram að taka þyrfti upp Nýalskennslu við Lýðháskólann í Skálholti, og fengu þau orð hans góðar undirtektir.

Nöfn tveggja umsækjenda þeirra Svövu Jóhannsdóttur Skúlagötu 76 Rvík og Haraldur Hermannssonar Búðargerði 4 Rvík, voru lesin upp í fundarlok og voru þau samþykkt í félagið.

Fundi lauk um kl. 11. 18 manns sátu fundinn.

# Ýmsir atburðir

## Atburðir í maí 1975.

Af atburðum maímánaðar, sem sérstaklega mættu telja varða málefni Nýals man ég helst eftir þessum:

Miðilsfundir hafa haldið áfram eftir venju, á mánudögum og fimmtudögum og stundum sérfundir.

Tímaritið Lífgeislar kom út í mánuðinum og hefur verið unnið að dreifingu þess af nokkrum mönnum en þó því miður of fáum ennþá.

Þrír stjórnarmenn félagsins: Ingvar Agnarsson, Helgi Guðlaugsson og Ragnar Þorsteinsson fóru ásamt mér austur að Gröf í Laugardal til þess að líta á landareign félagsins, þá, sem til skiptingar hefur komið. Er þar um tvo parta að ræða, sem til greina koma, en ekki enn ákveðið hvor þeirra kemur í hlut félagsins. En miklum hluta landsins, sem er heiðarland, er enn óskipt.

Guðrún Gísladóttir, sem er gefandi þessarar landareignar, kom til landsins nokkrum dögum áður en þessi ferð var farin, og leit jafnvel svo út í fyrstu sem hún mundi verða með í ferðinni en af því varð þó ekki. Til viðbótar fyrri gjöfum sendir hún nú félaginu 15\$ (Kanadadollara) en hún mun hafa lagt af stað með flugvél vestur til heimkynna sinna í dag (4. júní). Nokkrir úr félagstjórn Nýals-sinna komu saman til þess að hitta hana að Álfrhólsvegi 121 þ. 24. maí, og á föstudaginn eftir 29. maí var haldinn fundur með henni á sama stað. Einn af félögum okkar hafði það eftir henni, að hún væri þess fullviss að lífað væri áfram á öðrum stjörnum. En hvað er það sem gerir okkur betur að Nýalssinum en einmitt sú fullvissa?

Fréttir af markverðum fyrirburðum hafa ekki borist í þessum mánuði, svo að ég viti af, en hins vegar hefur orðið áframhald á trúmaladeilum þeim sem hófust í fyrra mánuði og hafa á sér býsna miðaldalegt yfirbragð. Nýalssinnar hafa ekki blandast inn í þær



deilur svo að vitað sé, og kemur það til af því að nafn Nýals eitt er of bjart fyrir þá sem í þeim deilum standa. Þó skal þess getið að einn af hinum frjálslyndari prestum landsins mun hafa vikið eitthvað að því viðfangsefni hvar framliðnir ættu sér bústað (séra Þórir Stephensen), en ógreinilega kom þetta fram.

Trúmáladeilur þessar virðist mér hafa óæskileg áhrif á tilraunastarfsemi okkar, því að um það leyti sem þær voru sem geystastar, munu aðeins um tveir til fjórir menn hafa sótt hina reglulegu sambandsfundi hér í stöðinni. Virðist áhrifavald hinna illu deilna eins og lama vilja manna til þátttöku í slíkum fundum, og gæti þetta verið nokkuð til skilnings á því hvers vegna framfarir hafa ekki orðið meiri í sambandstilraunum en orðið er. Stór orð og ill hefur ekki skort í deilum þessum, og þá fyrst og fremst af hálfu þeirra sem hófu árásir, en slíkum orðum fylgja miklu lakari áhrif en menn gera sér stundum grein fyrir. Harðvítugar deilur í Þjóðfélaginu eru einmitt það sem mestum skaða veldur, og er þess að óska að úr slíkum deilum leysist á farsællegan hátt og að áhugi manna beinist að þarfari viðfangsefnum.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

*(Flutt á félagsfundi Nýalssinna 4. júní 1975)*

#### **Atburðir í júní 1975.**

Ég hef verið beðinn að minnst á atburði mánaðarins, og hef ég þá sama formála fyrir því og áður hefur verið hafður, að sá sem tekur þetta að sér talar frá eigin brjósti, um það sem honum þykir áhugavert, og síðan geta aðrir bætt við. Tilgangurinn er sá að mál-efni sem upp kunna að koma með þjóðinni eða jafnvel innan félags, fari síður framhjá félögunum eða verði ekki rædd á fundum þeirra, heldur sé vakið máls á þeim hér jafnóðum og þau gerast.

Það hefur ófæð verið í meira lagi rætt um sambandsmálafni hér á landi þann mánuð sem nú er liðinn, enda varla við öðru að búast þegar sjálft sjónvarpið er komið af stað, eins og segja má að orðið hafi með þeim fjórum samtalsþáttum um sambandsmálafni og annað í þá átt, sem sýndir hafa verið undir nafninu: „Sjötta skilningarvitið“, en umsjónarmaður þeirra var Jökull Jakobsson.

Skýrsla Erlends Haraldssonar, sem kom fram 6. júní, rétt eftir síðasta mánaðarfund okkar, hefur ófæð haft ekki aðeins stundaráhrif, heldur munu áhrif hennar verða djúptæk og langvarandi.

Í þessum mánuði hefur það gerst, að minnst var á Nýalsstefnu

í forystugrein eins dagblaðanna, Vísi, fimmtudaginn 26. júní, en slíkt veit ég ekki til að gerst hafi áður. Ástæðan sýndist mér vera sú að ritstjóranum hefði komið á óvart hið tiltölulega mikla fylgi við kenningu Nýals, sem fram kom við rannsókn Erlends Haraldssonar. Við því hefur varla verið búist, hvorki af Nýalssinn-um né öðrum að 28 af hundraði allra Íslendinga teldu það annað hvort víst, líklegt eða mögulegt að lifað sé áfram á öðrum stjörnum, því að um leið og þannig er hugsað, þó ekki sé nema sem möguleika, er stigið skref í átt til Nýalstefnunnar. Og um leið og þetta kemur fram, að svo margir hugleiði þetta á þann hátt verður erfiðara fyrir þau fáu prósent sem þarna eru á móti, að gera lítið úr málefni Nýals með þeirri röksemd að fáir séu til fylgis. Annars er það stórfurðulegt að samtímis því að fram kemur að aðeins 7% Íslendinga telja það ólíklegt að lifað sé eftir dauðann en 88% vænta sér lífs koma fram *prestar* og *mæla á móti fram-lífi*. „Og svo trúu menn hér á framhaldslíf,“ heyrði ég kunnan prest segja í útvarpsmessu sunnudaginn eftir að skýrsla Erlends kom fram, og fleiri raddir í þeim dúr hafa heyrst úr þeirri átt. En ekki mun ég fara um það fleiri orðum hér þar sem ég hef þegar rætt það mál í blaðagrein (Mbl. 1. júlí).

Annað sem orðið hefur til að vekja umræður um sambands-mál í þessum mánuði er hin furðulega samþykkt prestastefnu í fyrri viku, á móti „dultrúarfyrirbrigðum“ eins og segir í álykt-uninni. En ekki mun ég fjalla um það mál hér, þar sem ég hef þegar minnst á það í blaðagrein (Mbl. 1. júlí). Aðeins vil ég benda á það, hve klókindalegum og ókristilegum aðferðum var beitt við að koma þessari samþykkt fram á tæðri prestastefnu, því að hún mun hafa verið borin fram undir liðnum „Önnur mál“ af einhverri leyninefnd (?) enda kom fram í blöðum daginn áður að enginn vissi neitt hvað til stæði í þessum efnum. Vil ég álíta að þeir sem slíku beita séu ekki innblásnir af anda Krists, heldur einhverjum valdadraumum, og er það í samræmi við það að þeir hinir sömu veitast gegn því að menn vænti sér framlífs. — Það er margt líkt með Helga Pjeturss og Kristi, og alltaf er ég þakk-látur Lúðvík Ásgrímssyni vélstjóra, félagi okkar sem látinn er, að hann sagði einhvern tíma þar sem margir voru saman komnir og arætt var um Krist: Við Íslendingar höfum átt okkar Krist, og það er Helgi Pjeturss.

Hvað sjónvarpsþættina snerti þá virtist mér þeir að verulegu leyti miðaðir við það að útbreiða guðspeki, og mun mörgum hafa



þótt það miður farið að enginn skyldi vera til kvaddur að mæla fyrir munn Nýalssinna. Þátturinn um hugboð býst ég við að hafi verið sá besti. Jakob Jakobsson fiskifræðingur, Guðjón Ármann Eyjólfsson kennari og Stefán Stefánsson skipstjóri sögðu hreinlega og afdráttarlaust frá reynslu sinni af þessum málum, en slíks hefur varla oft verið kostur í því áhrifamikla útbreiðslutæki sem sjónvarpið er.

Merkar greinar um málefni Nýals hafa birst í blöðum í þessum mánuði og man ég sérstaklega eftir tveim. Um eðli drauma og svefns í Lesbók Mbl. 22. júní eftir Gunnar Grímsson, og hef ég heyrt ýmsa láta sérstaklega vel af þeirri grein. Önnur kom í Mbl. 29. júní, eftir Þorkel Hjaltason, og er góður stuðningur að henni. Sama dag birtist í sama blaði grein eftir Ragnar Þorsteins-son, ritara félags okkar, — að vísu ekki um Nýalsmál beint, en um mannúðar og menningarmál, og þess vegna mjög í anda Nýals. Nýbirt er einnig grein sú eftir mig sem ég gat um hér að ofan.

Jarðfræðierindi hafa verið í útvarpinu á fimmtudögum, og þó að slíkt sé ekki annað en það sem sjálfsagt ætti að vera, þá fannst mér það mjög ánægjulegt að heyra Sigurð Steinþórsson nefna dr. Helga Þjeturss fyrstan jarðfræðinga í sambandi við sögu íslenskrar jarðfræði í inngangserindi sínu. Enda fannst mér Sigurði Steinþórs-syni takast betur upp í þessu erindi með efni sitt yfirleitt en í því sem ég hef áður heyrt hann flytja, og er líklegt að drengileg af-staða eflí hugsun manna á sviði fræðimennsku. Leifur Símonarson flutti næsta erindi sem einnig var vel samið, um tertíeru blágrýtis-myndunina, en móbergserindið heyrði ég ekki og veit því ekki hvernig með það hefur verið farið.

Af þeim málefnum innan félags okkar, sem geta ber, hafa víst flestir tekið eftir því að búið er að leggja steinsteypta gangstétt að húsinu, og gerði það Sigurður Guðmundsson ásamt sonum sínum Sigmundi og Guðmundi, en Þorsteinn á Úlfsstöðum mun hafa lagt fram fé til framkvæmdarinnar.

Komið hefur út hefti af Félagsblaði Nýalssinna, hið 47 í röð-inni og annast Ingvar Agnarsson um útgáfu þess.

Ég vil svo endurtaka það, að mér virðist hinar birtu niðurstöð-ur Erlends Haraldssonar mjög þýðingarmiklar. Það er mikilvert að vita það fyrir víst að 88% þjóðarinnar eða fleiri væntir sér framlífs, einmitt þegar reynt er að hefja sókn gegn þeirri skoðun.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

*(Flutt á félagsfundi Nýalssinna 2. júlí 1975)*

### Atburðir í júlí 1975.

Af því sem gerðist í júlímánuði og sérstaklega er eftirtektarvert frá sjónarmiði okkar Nýalssinna er þess fyrst að geta, að veðráttan var með eindæmum leiðinleg og óþurrkasöm. Var lengstum sólarlaust, en þokur, súld og kalsaveður því oftast, og var litla gleði hægt að hafa af því að vera úti um hásumarið. — Það gerðist reyndar á síðast liðnum vetri, að veðurfræðingur nokkur lét uppi þá skoðun sína, að „til væru þeir“ sem setja veðurfar í samband við hugarfar og mannfélagsþróun. Er ekki að efa, að þarna var átt við Nýalssinna, sem þar með voru taldir óskynsamir mjög, þótt varast væri að nefna þá á nafn. — En reyndar var þetta alveg rétt hjá manningum, að slíkir eru til, sem hann sagði, og er mikil ástæða til að ætla, að veðurfar sé að ekki litlu leyti háð áhrifum þeirra sem löndin byggja — lífgeislaáhrifum — og er hér um hreina eðlisfræði að ræða. En fátt ætla ég að sé skaðlegra hugarfarinu og þar með veðurfarinu en ef menn láta það óátalið og samþykka með þögninni, að haldið sé fram kenningum sem menn vita með sjálfum sér að eru rangar. Það virðist vera heldur öfugstreymi, að prestar skuli taka að berjast gegn trú á líf eftir dauðann, og væri fróðlegt að rekja hvaða ástæður hafa leitt til svo fjarstæðukenndra öfga, en ekki skal það hér gert. Aðeins skal á það bent, að það er miklu fremur erlend háskólaþróun en innlend kirkjuþróun, sem stendur þarna að baki. Það eru áhrif hinnar neikvæðu háskólastefnu, sem ríkti á árunum 1950—1970, sem þarna birtust, og það voru hin leiðitömu afkvæmi þess uppeldis, og þess lífsskoðanaleysis — sem sköpuðu atkvæðamagnið á Skálholtsfundinum alkunna. En af áhrifum þeirrar samþykktar, sem þar var gerð gæti það verið runnið, hvornig veðrátta hefur verið hér í sumar, og einnig það, að fólk flýr landið tugþúsundum saman til þess að leita sér fróunar á erlendum baðströndum — nógu fjarri áhrifum presta sinna.

Til stuðnings málefni Nýals hef ég ekki séð margt fram koma í þessum mánuði, en af því sem ekki hefur komið fram í fréttamiðlum má geta þess, að frá félagi okkar Péttri Hermannssyni í Bolungarvík barst okkur þessi frétt:

„Sá merkilegi atburður skeði hér, að sérkennilegur hlutur sást hér á lofti fimmtudaginn 10. júlí kl. 8.45 að morgni. Heiðskírt veður var og sást ekki ský á lofti. Veit ég um 6—7 manneskjur sem sáu hlutinn, og fullyrða sumir að þetta hafi verið „fljúgandi diskur“.“



Þorkell Hjaltason skrifaði merka grein í anda Nýalsfræða í Morgunblaðið 1. ágúst, og kemur það nú æ víðar fram hve djúpum rötum fylgi við málefni Nýals stendur með þjóðinni. Aðeins örlítill hópur úrkynjaðra lærdómsmanna, glaumgosa og stjórnmálasérfræðinga af nokkrum tegundum stendur þarna á móti, og mundi verða fljótgert að leiðrétta þetta mál allt ef þeirri fyrirstöðu væri hnekkt.

Nýtt hefti af *Lífgeislum* kom út í mánuðinum og er það hið vandaðasta að efni og frágangi. Mikil ástæða er til þess að Nýals-sinnar beiti sér fyrir útbreiðslu þess, enda eru margir mjög fúsir til þess að gerast áskrifendur, þó að þeir hafi ekki gerst félagar. Það er ekki lítils um vert að skapa þessu málefni sem víðtækust og eðlilegust tengsl við þá sem utan við standa.

Sjónvarpsþættir féllu að sjálfsgöðu niður í júlímánuði, en með byrjun ágúst hófust aftur sambandsmálaþættir Jökuls Jakobssonar og var nú talað um huglækningar. Einar Einarsson á Einarsstöðum í Suður-Þingeyjarsýslu kom þarna fram sem huglækni, og þótti mér fróðlegt að heyra í frásögn hans af því, sem hann heldur vera að fara úr líkamanum, — að „það var ekkert þak á bænum“ þar sem hann kom yfir svífandi. Auðsjáanlega hefur þarna verið um að ræða samband við svífandi draumgjafa á öðrum hnetti, en ekki sál Einars líkamalaus. Sýnir það heiðarleika hans, að hann skuli láta þess getið sem stangast á við hugmyndir hans sjálfs, en er þó einmitt hin besta staðfesting reynslu hans. Sumt dulrænt fólk talar um „svíflikama“ sinn, og ber þar enn að hinu sama um draumgjafann. Mér er nær að halda að *flestir* sálfaradraumar, sem svo eru nefndir, séu sprotnir af sambandi við svífandi draumgjafa, en reyndar fylgja þessu sambandi einnig stundum merkilegar fjarskynjanir, og kom það einnig fram í frásögu Einars. Á þann hátt gæti það verið sem menn „sjái sjálfan sig“ í slíku ástandi. En þar er þó ýmislegs að gæta og þarf engan að undra þótt þeim sem ekki hafa reynt að ná skilningtökum á þessu máli, missýnist þarna stundum. En hitt væri undarlegra, ef þeir, sem kynnt hafa sér málið, færu þarna að sjá tómar missýningar og halda að þeir líði um loftin eins og líkamalausir andar.

Aðrir sem komu fram í þessum sama þætti sýndu allir góða og jákvæða framkomu, en þó fannst mér eins og hin afar-röksamlega framsetning læknisins gæti bent til einhverrar varnarstöðu. Hann fullyrti, að hvaða læknisfróður maður, sem væri, mundi viðurkenna, samkvæmt þeim gögnum sem til eru, um dæmi sjúkl-

ingsins sem þarna kom fram, að þróun sjúkdómsins hefði verið með eðlilegum og velþekktum hætti. Setjum nú svo, að þetta væri rétt, en þá er líka þess að gæta, að hugsanlegt væri, að *einungis í þeim dæmum sem þannig væru vaxin*, fáist lækna til að koma fram og ræða þau. Það voru ekki litlir varnaglar og tregðumörk sem þessi lækni setti við því í upphafi að ræða þetta mál, og bendir það til þess að það sé ekki lítið vandamál fyrir lækna, hvernig þeir eiga að snúast við þessum efnum. Enda er það vissulega svo, og skyldi enginn áfella þá að óreyndu, en hitt væri æskilegast, að menn reyndu að vera sem frjálsastir í hugsun og sniðganga ekki þær skýringar, sem þegar hafa komið fram. Því að það eru skýringarnar sem leysa þennan vanda, sem annars yrði óleysanlegur.

Séra Sigurður Haukur benti réttilega á það, að þegar sjúklingurinn kom til Einars og bað hann að hafa sig í huga, þá spurði hann sem svo, hvort hann mundi þurfa að ganga undir uppskurð, þá taldi Einar að svo mundi ekki verða. Bendir þetta, eins og séra Sigurður Haukur virðist hafa hugsað sér, til þess að Einar bóndi hafi haft sambandsvitneskju um gang sjúkdómsins, en það gæti einnig bent til þess að áhrif sambandsveranna hafi átt þátt í því að lækning tókst þarna vel. Og þakkarvert er það, að lækni­rinn virtist þarna hafa það jákvæða hugarfar sem ekki er til hindrunar því að slíkt megi verða.

Af atburðum innan félags okkar er fyrst og fremst að geta um flygilinn, sem Pétur Gíslason hefur gefið, og má með sönnu segja, að félagi okkar gefast nú stórgjafir, frá ágætu fólki sem vill mál­efni Nýals vel. Það er ábyrgð sem fylgir því að taka við slíkum gjöfum, og er óskandi að okkur takist að nota flygilinn til hljómlistarflutnings eða hljómlaika, sem verða mættu til samstillingar. Mér dettur í hug, hvort ekki vildi einhver beita sér fyrir örvun tónlistarlífs innan félagsins, og þyrfti það að verða á frjálsan og óþvingaðan hátt, en ekki með miklum lögum og reglugerðum.

Ög svo langar mig til að bæta því við, sem ég held að sé fremur nýtilkomið og ekki er minnst um vert, að „Tinni“, í myndasögum, er farinn að tala máli okkar Nýalssinna. Tinni var spurður hvort það væri ekki „dultrú“ að vera að tala um geimverur. „Nei,“ svaraði Tinni, „líf er á öðrum stjörnum.“ Ög hver dregur í efa að „Tinni“ hafi rétt fyrir sér?

*Þorsteinn Guðjónsson.*

*(Að stofni til flutt á félagsfundum Nýalssinna 6. ágúst 1975).*



## Skoðunarferð að Gröf í Laugardal

Laugardaginn 24. maí 1975 fóru nokkrir Nýalssinnar austur í Laugardal, til þess að skoða hluta þann úr jörðinni Gröf í Laugardalshreppi, sem Guðrún Grímsdóttir Eyjólfsson gaf Félagi Nýalssinna árið 1972. Þessir stjórnarmenn fóru: Ingvar Agnarsson, Ragnar Þorsteinsson og Helgi Guðlaugsson. Einnig var með í förinni Þorsteinn Guðjónsson, — og Benedikt Björnsson, sem þá var staddur á Laugarvatni, skoðaði landið með hinum aðkomnu. Voru hinir tveir síðastnefndu kunnugastir landsháttum og því sem gerst hafði varðandi skiptingu landsins síðast liðin tvö ár, vegna fyrri afskipta þeirra af þessu gjafarmáli. Þorsteinn Guðjónsson hafði meðferðis uppdrátt af Grafarlandi, þar sem merktir voru þeir hlutar sem þá var búið að mæla út.

Landeigendur eru 6 og hefir skipting landsins milli þeirra aðeins farið fram á tiltölulega litlum hluta þess, og þeim sem næst liggur þjóðvegi, *samtals um 60 hekturum*, en öll jörðin mun vera yfir 700 hektarar. Hinu útmælda landi hefir verið skipt niður í 12 reiti á uppdrættinum, merktum bókstöfunum A, B, C, D, E, F — og er hver reitur að stærð nálægt 6 hekturum, tveir reitir merktir hverjum bókstaf. Hefir þessum bókstafareitum verið skipt niður milli eigenda með útdrætti. Félag Nýalssinna á báða A-reitina að hálfu móti Guðmundi Grímssyni, en Guðmundur á einnig báða B-reitina óskipta. Þannig að F.N. á 2 þriggja hektara landskíka af hinu útmælda landi, þó ekki samliggjandi, því um 400 metrar eru á milli þeirra. Meira landrými hefir félagið ekki til fullra umráða þarna enn sem komið er, en þegar útmæling og skipting allrar jarðarinnar hefir farið fram, mun hlutur félagsins verða um 60 hektarar.

Til þess að F.N. geti hagnýtt sér hinar tvær útmældu landspildur, virðist ekki annað vanta en að semja við Guðmund Grímsson um skiptingu þessara tveggja áður nefndu A-reita, og er ólík-

legt að það fengist ekki fljótlega ef eftir því væri leitað. Guðmundur mun að vísu áður hafa boðið að skipta við F.N. upp á þau býtti að hann fengi allan eystri A-reitinn, en félagið allan hinn. En við umrædda skoðun virtist flestum að slík skipting yrði félaginu óhagstæð, því hin eystri skákin er að öllu miklu álitlegri, bæði hvað snertir legu landsins og eins vatnsból. Virðist því hagkvæmara fyrir félagið að eiga sínar 2 þriggja hektara skákir, þó aðskildar séu, heldur en að ganga að slíkum skiptakjörum, að minnsta kosti þangað til allri jörðinni hefir verið skipt.

Eignarheimild F.N. á umræddum jarðarparti var þinglýst hjá sýslumanninum í Árnessýslu 6. apríl 1973.

*Ragnar Þorsteinsson.*



## Að hafa hnattaskipti

Sérstaklega þakklátur er ég þeim Gils Guðmundssyni alþingis-  
manni, sem tók saman þáttinn um „Stebba frá Seli“ í útvarpinu  
nú nýlega, og dr. Kristjáni Eldjárn, sem var lesari, að þeir skyldu  
ekki láta hjá líða að geta þess að „Stebbi“ kallaði það að „hafa  
hnattaskipti,“ sem venjulega er kallað að deyja eða andast. Hann  
vildi láta brenna handritakistilinn sinn ef hann tæki upp á því að  
„hafa hnattaskipti“ snögglega. Það er ekki lítið eftirtektarvert að  
Stephan G. Stephansson, skáld, skyldi þegar um 1870 hafa komist  
á þessa skoðun, og má segja að hann hafi í því, eins og ýmsu öðru,  
verið á undan sínum tíma. En hvaðan hafði hann þessa skoðun?

Þegar prentaðar hafa verið hinar fleygu vísur Sigurðar Breið-  
fjörðs um prestana, þá hefur nærri undantekningarlaust verið  
sleppt hinni þriðju, síðustu — og bestu. Sagt er að sjaldan sé  
góð vísa of oft kveðin og ætti því að mega rifja þessar vísur upp:

Prestar hinum heimi frá  
hulda dóma segja.  
En skyldi þeim ekki bregða í brá  
blessuðum, nær þeir deyja?

Það er reyndar minna orðið um það núna, að þeir segja hulda  
dóma frá heimi framliðinna, því ég heyrði í vor kunnan prest  
segja í stólræðu sinni, sem ég heyrði í útvarpi: og svo trúa menn  
hér á framhaldslíf! En slíkar deilur eru dægurmál og sleppum  
þeim. Sigurður Breiðfjörð segir þessu næst, um vini sína prestana:

Mundum vér ei þora þá  
í þeirra húspostillum  
auðmjúklega að eftirsjá  
ýmsum pennavillum?

Það er eins og Sigurður sé hálf kankvís þarna, eins og hann búi yfir einhverju, beinlínis eins og hann viti eitthvað betur en þeir sem hann er að „sítera“. En hvað er það þá sem hann segir prestana munu komast að nær þeir deyja? Það er þetta sem oftast hefur verið sleppt, líkt og um beina ritskoðun væri að ræða, og er það einmitt síðasta og besta vísan þessara þriggja:

Þá heimurinn dýrnar hrindir mér,  
hattinn af ég lyfti,  
*og til hinna hnatta fer*  
*holl eru mér þau skipti.*

Það skyldi nú ekki vera, að „Stebbi í Seli“ hafi á unga aldri tileinkað sér þessa hugsun Sigurðar Breiðfjörðs — og einmitt þess vegna orðið slíkur andans maður sem hann varð.

*Þorsteinn Guðjónsson.*



## Ábyrgð Nýalssinna

Sá sem hefur tileinkað sér hinn nýalska skilning kemst ekki hjá því að finna til ábyrgðar. Hann finnur með sjálfum sér, um leið og skilningur hans er vakinn á lífsbandi alheimsins, að hann er orðinn þátttakandi í hinu mikla ætlunarverki guðanna, því, að breyta verðandi heimsins frá ríkjandi helstefnu til lífstefnu, þeirrar stefnu sem svo mikil er nauðsyn á að nái yfirtökum.

Þessi tilfinning, þessi nýja reynsla, verður honum merkileg. Þessi þátttaka í ætlunarverki guðanna hlýtur að breyta lífsviðhorfi hans. Hann verður allur annar maður. Nú lítur hann heiminn og tilveruna öðrum augum en áður, og af hærri sjónarhóli. Hann öðlast meiri lífsfyllingu en áður. Hann finnur, að nú hefur hann öðlast sérstakt hlutverk. Hann vill leggja sitt litla lóð af mörkum, í því skyni að umbreyta ástandi heimsins frá illu til góðs. Hann finnur að hann hefur tekið að sér mikilvægt hlutverk, og hann finnur, að því má hann ekki bregðast. Ósjálfrátt fær hann löngun til að bæta sitt eigið líf. Hann vill bæta hugsanir sínar, orð og gjörðir. Hann vill hefja sitt andlega líf á herra stig en áður. Hann fer að bera meiri lotningu en áður fyrir því lífi, sem hrærist í návist hans. Hann finnur að hann er tengdur öllu sem lifir og að han nær einn hlekkurinn í hinni óendanlegu keðju lífsins.

*Ingvar Agnarsson.*

# Um spádrauma

## (Spurningar og svör)

Á fyrra ári, 1974, voru félagsmönnum send bréf með nokkrum spurningum um táknræna drauma og spásagnargildi slíkra drauma. Nokkrir svöruðu bréfum þessum, og létu í ljós álit sitt á þess konar draumum.

Nokkuð er á reiki skilningur manna á spádraumum, og einkum það atriði, hvernig það má verða, að draumur tengist ókomnum atburðum á táknrænan hátt. Ég held, að enginn hafi enn, á fullnægjandi hátt, skilið hvernig þetta má verða, t. d. að draumur um vatn verði fyrir veikindum. En ég hef heyrt ótal dæmi hliðstæð þessu, og tel allar líkur benda til, að þannig sé þessu þó varið í raun og veru.

Allir slíkir draumar hljóta þó að vera sambandseðlis. Menn dreymir ávallt, það sem annar maður sér og reynir. Skýring Þorsteins Jónssonar hér á eftir, um undirstöðuskilning á draumum og spádómum, hlýtur því alltaf að verða í fullu gildi, enda er þar um að ræða grundvallaruppgötvun Helga Pjeturss á lífsbandi og fjargeislan milli manna.

*Úr bréfi til félagsmanna, 20. apríl 1974:*

*Spádraumar:* Fjöldi fólks dreymir drauma, sem eru þess eðlis, að þeir virðast hafa spásagnargildi. Dæmi:

- a. Einhvern dreymir stjörnuhrap eða hann sér ljós slokkna. Síðar verður dauðsfall í fjölskyldunni.
- b. Mann dreymir, að hann veður í vatni og síðar gerist það, að hann verður alvarlega veikur.

Ótal dæmi mætti nefna og mismunandi, sem virðast hafa spásagnargildi. Nú langar mig til að spyrja þig: Hvert er álit þitt á slíkum draumum? Flestir slíkir draumar virðast vera eins konar táknmál.



1. Nær Nýalskur skilningur yfir slíka drauma?
2. Er þarna um venjuleg draumsambönd að ræða?
3. Er draumsýnin fengin fyrir samband við draumgjafa?
4. Hvert er sambandið milli draumreynslunnar og spásagnar-gildisins? Hvernig gæti slíkt átt sér stað?
5. Stendur æðra vit á bak við slíka draumreynslu?
6. Hvar mundi vera heimkynni slíkrar vitveru, er sér fram í tím-ann, og sem birtir okkur ókomin atvik, með svo einkennileg-um hætti.

Hér á eftir koma nokkur sýnishorn úr bréfum þeirra, sem skrif- að hafa um þessi mál, og reynir þar hver einn að leggja fram sinn skerf til skilningsauka á þessu sérstaka viðfangsefni.

*Ingvar Agnarsson.*

*Svör lesenda:*

#### **Berdreymi.**

Ég kalla þessa spádrauma berdreymi, það er það orð sem ég lærði um þetta fyrirbæri.

Mín reynsla er sú að berdreymi sá á tvennan hátt. 1. Mig dreym- ir atvik sem koma fram á líkan hátt í vöku seinna. 2. Það ber fyrir mann atvik í draumi sem maður hefur lært að tákni ákveð- in atriði sem snúa að vökulífi manns.

Mín skýring á spádraumum er sú, að í hverri vitveru búi mögu- leiki til að vita allt. Þetta er í rauninni augljóst, því hver einasta efnisögn hefur áhrif á allan heiminn. Það hlýtur að verka á ákveð- inn hátt og valda ákveðnum viðbrögðum hjá hverri eind og einda- samfélagi, hver hin minnstu jafnt sem mestu áhrif sem koma utanað. Framtíðin er ekki annað en breytingin sem verður þegar einstaklingur hefur áhrif á annan. Framtíðin er því raunverulega ráðin og sá sem gæti vitað allt sem væri, hefur möguleika á að vita fyrir allt sem verður. Draumarnir eru stundum skynjunarmáti á alheims áhrifum í manni og kemur það ýmist fram í líkingu við hin ókomnu atvik eða sem tákn.

Ég er ekki óánægður með þróun Nýalsmála. Ég sem kem sjald- an á fundi til ykkar sé það betur en þið sem starfið í þessu. Það er eins og með foreldrana, þeir sjá ekki börnin sín stækka en áður en varir eru þau orðin stærri en þau sjálf.

Aðal atriði mannkynsins á jörðinni er að gera sér grein fyrir því að það er orðið þess umkomið að lifa á öðru en raunlífi. Það

getur haldið fjölda sínum innan þeirra marka að allir hafi nóg og enginn þurfi að drepa sér til viðurværis. Það getur líka lifað það hollu lífi eldislega og félagslega að það þurfi ekki að nota eiturlyf til að kaupa sér falska vellíðan. Þessu er gott að átta sig á í ljósi hins Nýalska skilnings og munu nýalssinnar sem ekki hafa gert það, fljótlega sjá þetta mikilvæga atriði.

*Kristleifur Þorsteinsson, Húsafelli, 1974.*

### **Allir draumar eru sambandseðlis.**

Ég heilsa þér og þakka bréfið með spurningum um drauma. Frá mínu sjónarmiði er vökulífið lítið skiljanlegra. Ég er þeirrar skoðunar að mannkynið sé *fjarstýrt* þangað til það hefur öðlast þann þroska að vita fullkomlega ljóst hvers eðlis það samband er. Vissulega getur nýalskur skilningur varpað ljósi á mannlega villu.

Að minni hyggju eru allir draumar sambandseðlis. Í eðlilegum svefni jafnt og í miðilsástandi erum við meðvitundarlaus og lútum því allt öðru lögmáli en í vöku. Vökulíf gefur okkur ráðrúm til að vita af því sem við sjáum og í hugann kemur.

Miðilsstarfsemi eins og hún er iðkuð álit ég flóttu frá viðfangs-efni, sem við verðum að leysa með fullri rænu (viti), og ábyrgð þess, sem sér, heyrir og skilur. Mennirnir nota alltof lítið þær hugmyndir sem þeir gera þó ráð fyrir að æðri máttarvöld hafi sent mannkyninu til bjargar. Manneskjurnar eru eins og jurt sem alltaf er verið að rífa upp og færa í annan reit. Trú, skoðanir og siðvenjur er jarðvegurinn, síðan upphafst eilíf glíma og slagsmál um það hver sé betri guð og hver sé verri djöfull. Jæja, snúum okkur aftur að draumunum. Þegar við tölum um spásagnargildi eða vitrun í vöku eða svefni, hlýtur sú vitneskja að stafa frá vitsmunalífi, annað er óhugsandi.

*H.B., Reykjavík, 1974.*

### **Stíllíhrif og spádraumar.**

Ég hef látið mér detta í hug atriði sem kannski er ekki svo fjarstæðukennt.

Verur þær, sem reyna að hafa bætandi áhrif á mannlífið, skapa dreymandanum drauma honum til viðvörunar, með stillilögmálinu. En oft á tíðum er stillisambandið slæmt. Heilaástand móttakarans, er í það sinnið, ekki móttækilegt til að stillast inn á þá



bylgju, þar sem draumgjafinn lifir þá sömu reynslu og henda mun dreymanda síðar.

Þá reyna þessar verur að stilla dreymandann inn á það svið, sem heilaástand hans grípur og líkist þeirri reynslu, sem henda mun dreymanda.

En stundum verður samlíkingin svo ógreinileg að dreymandinn áttar sig ekki á draumnum, og skilur því ekki viðvörðunina.

Að lokum vil ég minnst á eina konu, sem er tengd mér. Þessi kona hefur alið manni sínum sex börn, þrjú af hvoru kyni. Eftir að hún átti fyrsta drenginn þá gat hún sagt fyrir um hvaða kyn hún gekk með, því amma hennar sáluga birtist henni í draumi í hvert sinn sem hún gekk með dreng og hefur því stillirinn getað skapað henni draum sem hún skildi.

*Porbjörn Ásgeirsson, Malmö, Svíþjóð, 1974.*

### **Draumar um ókomna hluti.**

Eitt er það sem ég get ekki varist að nefna í sambandi við drauma, er að mjög oft virðist mér þeir birta mér ókomna hluti í myndum eða máli. Þetta virðist oft á tíðum vera það skýrt og ákveðið að ég verð að láta mér detta til hugar að vinveittar persónur frá fullkomnari lífheimi en við búum í noti draumsamband á einhvern veg til að koma góðu til leiðar. Því ekki er að efast um að vitvera gerir sér grein fyrir því að eitt atvikið býður öðru heim á sama hátt og við gætum gert okkur grein fyrir því.

*Guðmundur Guðbjartsson,  
Austurbóli, Hornafirði, 1975.*

### **Spá um Titanic-slysið.**

Dr. Helgi Péturss minnst nokkrum sinum á spámenn og spádóma í bókum sínum. Þeir heyrðu raddir og sáu sýnir, eins og t. d. finnski spámaðurinn Lebesby Anton Johannsson, sem var bóndi og fiskimaður f. 1858 (Sannýall bls. 5).

Hann vissi fyrir Titanic-slysið. Heyrði rödd sem sagði við hann, að stórt nýtt skip, sem heitir Titanic mundi farast í fyrstu ferð sinni vestur yfir hafið. Síðan sér hann heljarstórt eimskip rekast á fjalljaka, heyrir ógurlegan brest og jafnframt verður hann gagnstekinn af angist. Sýn þessi og spádómur rættist síðar í apríl 1912.

Það sem hann sá, var nútíð á annarri stjörnu en framtíð hér á jörðu og birtist þessi sýn honum í vökudraumi til viðvörðunar um þetta ógæfusama slys.

Ef skilningur hans og annarra jarðarbúa hefði verið meiri findist þetta slys ekki í okkar sögu. Spádómar hafa til orðið vegna sambandsástands, og er fyrirboði fyrir því sem mun koma ef ekkert verður aðgert. Sumir spádómar rætast ekki vegna þess að sambandsskilyrðin og skilningur manna er ekki nægilega góður til að rétt skilaboð komist í gegn eða að tekist hafi að breyta atburðarásinni í það horf að spáðómurinn rætist ekki.

Draumar og draumaráðningar byggjast mest á sterku sambandi og skilningi með hjálp draumgjafans, sem lifir atvik dreymandans.

Eftir minni dómgreind er ekki nokkur vafi, að það eru til verur, sem vita fyrir um atburði og geta haft áhrif á draumlíf mannsins til að hann nái sambandi við atburði, sem eru að gerast einhvers staðar í alheýminum og henda síðar á vorri jörð, vegna aðgerðar- og skilningsleysis mannsins.

Spádraumar hjá sofandi manni verða til á sama máta og vöku- draumar, með öðrum orðum, vegna sambandsástands milli þeirra og draumgjafans frá áhrifum fullkominna vera, sem vilja hjálpa okkur jarðbúum af vegi helstefnunnar.

*Porbjörn Ásgeirsson, Malmö, Svíþjóð, 1974.*

#### **Tilveran byggist á endurtekningum.**

Um spádrauma og annað slíkt hef ég víst eitthvað skrifað og þá reynt að gera mér grein fyrir, og ætti það að sjálfsgöðu að liggja ljóst fyrir, að án sambanda við spágjafa væru slíkir draumar óhugsanlegir. Það getur ekki verið nema um tvennt að ræða, annað hvort aflar maður sér vitneskjunnar sjálfur eða þá að maður þiggur hana af öðrum. Eða með öðrum orðum, sé um vitneskju að ræða, sem maður getur ekki hafa aflað sér sjálfur fyrir eigin athugun og rökhugsun, þá hlýtur maður að hafa þegið hana af einhverjum öðrum betur vitandi. Og séu slíkir vitendur ekki til á þessari jörð, þá verður að leita þeirra á einhverjum öðrum jörðum, því að til annarra staða er ekki ástæða til að leita. Þetta veit ég nú að vísu, að ég þarf ekki að vera að taka fram við þig, og að spurning þín hefur fremur verið varðandi það, hvernig það megi vera eða verða, að séð sé fram í tímann, og kom mér það í því sambandi í hug einhvern tíma fyrir löngu, að frá ákveðnu sjónarmiði séð sé liðinn og ókominn tími sem aðrir staðir í rúminu, og mun sú hugdetta mín hafa verið eitthvað skyld tímarúmskenningu Einsteins. Segi ég víst eitthvað frá þessu í „Samtölum“ mínum og ugglaust víðar. „Í gljúfrum heimsins fellur tímans foss,“



stendur í einhverju kvæði eftir Sigurð Kristófer Pétursson, og er það nú að vísu skylt þessari tímarúms hugsun eða því, að tíminn sé straumur, þó að rúmið, hið eilífa rúm sé nú að vísu mjög fjarri því að vera gljúfur eða takmörkuð braut. Þó finnst mér ekki alls kostar fjarri því rétta að tala um farveg, þegar rætt er um það sem gerist og gerst hefir og á eftir að gerast.

*Allt sem á einum stað gerist eða hefir gerst, hefir í sér tilhneigingu til að gerast aftur og á öðrum siðum og endurtekningarnar (fullkomin endurtekning á sér ekki stað) er eitt af því, sem tilveran byggist á. Öll þessi ógrynni einstaklinga af sömu tegund er nauðsynleg eins og holdvefur í líkama, og varð mér þetta að nokkru ljóst fyrir nálega 50 árum, og ég skrifaði grein, sem hét „Hringrás og hækkun“ (sú grein er líklega ekki til), en aðalhugsunin var þar á þá leið, að enginn einn megi vera með öllu eins og einhver annar, en þó hljóti samræming endurtekninganna að vera til þess að allt geti staðist. Og þetta er í rauninni það, sem Helgi Pjeturss hélt fram varðandi framsæi spámannanna. Framsæi þeirra taldi hann stafa af samböndum við skylda eða líka staði, þar sem atburðarásin var að vísu ekki sú sama og hér, en þó svo lík, að vel mátti tala um fyrirfara. Í hinu þrotlausa ógrynni lífsins, sem menn til þessa hafa á þessari jörð verið svo fjarri því að gera sér grein fyrir, er gnótt fyrirmynda og fyrirboða, og er það líklega mest af skorti á að gera sér ljóst það ógrynni að menn fallist ekki þegar á skýringar Helga á fyrirboðum og fyrirboðunum.*

Ég hefi verið að ala á von varðandi eitthvað gott á þessu óvanalega góða vori, sem nú er, og fannst mér um skeið og finnst reyndar enn eitthvað líkt nú og 1921, þegar ég fyrst las *Hið mikla samband*. Það ár urðu hjá mér umskipti í hugsun þannig að mér birti þá fyrir augum svo að mér er það æ minnisstætt. Og nú 53 árum seinna, hvort væri ekki kominn tími til, að menn vöknudu við þeirri dögum, sem þar er um að ræða.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum, 1974.*

# Lesendabréf

## Nýr skilningur eftir lestur Nýals.

Þú spurðir að mig minnir um hvenær ég hafi fyrst kynnst skoðunum dr. Helga Pjeturss. Það fyrsta er greinarkorn í „Unga Íslandi“ mig minnir 1926 eða um það bil og fljótlega eftir það las ég Nýal. Nú, eftir að hafa lesið „Hið mikla samband“, „Lífgeislan og magnan“ o. fl. og reynt að hugleiða það fannst mér opnast skilningur á ýmsu öðru sem ég hafði blaðað í, ekki síst Biblíunni. Út frá því get ég nefnt sem dæmi að fjallræða Krists hefur orðið fyrir mínum skilningi meiri og göfugri stjórnarskrá en kerfisbundnar reglur allra stjórnsmálaflokka samanlagt.

## Æðri ómar í draumi.

Í draumi birtist mér Kristsmynd í ljósri skýjaslæðu á blátærum himni og síðar í sama draumi standandi í grænum halla sýnilega í predikunarstillingum og flytja ræðu yfir nokkrum hóp manna sem sat þar á jörðinni og hlýddi á með athygli virtist mér vera, en ég heyrði ekki neitt. Þegar þetta er skrifað hefði ég viljað gefa hluta úr lífi mínu kannski allt til að vera einn af þeim áheyrendum. Mikilleik þessa draums og þeirrar kendar sem hann skilur eftir í lífi mínu hef ég ekki orð til að lýsa. Sem annað dæmi um hve bágt er að lýsa í orðum ýmsum draumum svo sem hljóðum sem hljóma þannig að sem allt loftið hljómi og bergmáli úr öllum áttum en ekki frá neinu sérstöku hljóðfæri, slíka tónlist er ég ekki trúaður á að heyra megí á þessari jörð. Eða að taka þátt í borðhaldi eða neyslu og neyslan eingöngu bundin við að bera skálar með ilmandi blómum að vitum sér og hafa þar af fullan saðning.

## Um fóstureyðingar.

Eitt af því fjölmarga sem ég vil þakka Félagi Nýalssinna er að



það skyldi birta mótmæli sín gegn svo til hömlulausum fóstureyðingum, því ein af bænum mínum til guðdómsins er að forða íslenskri þjóð í lengstu lög frá manndrápum ungra sem aldinna. Hvar getum við séð guð ef við sjáum hann ekki þar sem móðir vefur barn sitt að brjósti sér og sakleysið felur ásjónu sína fyrir misvitrum heimi.

*Guðmundur Guðbjartsson,  
Austurbóli, Hornafirði, 1975.*

### **Raddir framliðinna á segulbandsspólum.**

Ég var að lesa athyglisverða grein í Hemmets Journal, þar sem talað var um mann nokkurn er heitir Friedrich Jürgenson. Hann er sagður taka upp á band raddir að handan og notar hann segulbandstæki við þá upptöku. Hann hefur 400 spólur fullar af röddum, þar sem þeir dauðu tala til hans.

Hann segist hafa rannsakað lífið eftir dauðann í 15 ár og notar tæknina við það. Hann segir: Framhaldslífið er spegilmynd af voru lífi en mikið betri og þeir eta eins og við en ekki fisk og kjöt því þeir bera virðingu fyrir þeim sem lifa.

Þarna kemur greinilega fram hjá honum að þeir dauðu hafa líkama af holdi og blóði.

Friedrich hefur í huga að byggja sérstakt hús í Ítalíu þar sem öllum vísindamönnum verði heimil innganga til að rannsaka þessi mál.

*Þorbjörn Ásgeirsson, í ágúst 1974.*

### **Stjörnusambandsstöð á Seltjarnarnesi.**

Síðla í vetur var ég í boði kunningjafólks vestur á Seltjarnarnesi. Kom mér þá spantskt fyrir að sjá óbyggt stórt landsvæði vestur af Valhúsahæðinni. Hafði ég þá ekkert sérstakt í huga, en síðar hefur mér komið í hug, hvort þarna sé ekki tilvalinn staður fyrir hina nýju stjörnusambandsstöð. Víðsýni þarna er mikið til allra átta, og þó að landið sé hrjóstrugt er það ekki galli, nema síður væri. Það gefur fólki tækifæri hvaðanæva af landinu til að flytja frjó-mold til stöðvarinnar og gróðursetja þar íslenskar blómjurtir, sem nóg er til af. Þannig getur þjóðin öll numið land stöðvarinnar í sameiningu.

Stjörnusambandsstöðin verður ekki reist á einum degi frekar en Rómaborg, en það er áriðandi að eignast sem fyrst land fyrir

stöðina, girða það rammlega, skipuleggja svæðið og hefja gróðursetningu íslenskra plantna. Birki færi vel á að gróðursetja meðfram allri girðingunni sem fyrst eftir að girðing væri komin. Þannig má hefja framkvæmdir strax til að efla samhug og framkvæmda-vilja.

Ekki væri til of mikils ætlast af borgaryfirvöldum, þó að þau létu borgina gefa land fyrir stöðina í minningu Helga Pjeturss, sem hóf upp *nýja stefnu í veraldarsögunni*. Er Íslendingum skyldast að sýna í verki, að þeir kunni slíkt að meta.

*Þórarinn Helgason, Reykjavík, 7. júlí 1975.*

### **Hugboð um veiði og álagablettir.**

Sigurður hét maður. Var hann aldinn að árum er ég kynntist honum og var þá í skjóli tengdasonar síns og dóttur hér í nágrenni. Sigurður sagði mér frá að er hann var bóndi vestur í Dalasýslu — sem hann var mörg ár — lagði hann net fyrir lax í á eða læk eigi langt frá bæ, og gerði hann það gjarna að kveldi dags. Er honum þótti sem hann væri vakinn að nótt, fór hann og gætti netanna og brást þá ekki að lax var kominn í netið. Kom þetta víst alloft fyrir. Hvaðan fékk hann þetta?

Sami maður sagði mér að álög hefðu verið á jörð er hann bjó á, að talið var. Mátti ekki slá ákveðinn blett, ef frá var brugðið gildi það að bóndi missti hest eða stórgrip.

Er Sigurður fór að búa keypti hann þrjá hesta og gaf fyrir meira en meðallags gangverð. Og má af því sýnt telja að þeir hafi í betra lagi verið. Sigurður lagði víst ekki mikið upp úr álagsmælinu, og sló hann blettinn, enda missti hann einn hestinn. Er skemmst að segja að Sigurður sló blettinn næstu tvö árin og missti alla hestana.

*Guðmundur Þorsteinsson,  
Klafastöðum, í sept 1974.*

### **Þekking og kærleikur.**

Þegar ég las „Pýramídann mikla“ fyrir löngu síðan, sá ég að þar var talað um forustuhlutverk Íslendinga til blessunar öllu mannkyni. En mig minnir að það tímabil væri tímasett á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar, og talið að forustuhlutverki þeirra væri lokið 1950—60. Það er sem sagt á meðan Nýall er að koma út sem forustuhlutverkið varir. En þegar vísindin fara að sanna



kjarnann í kenningum hans, virðast þau eiga að taka við forustunni. En nú er þess að gæta að fyrsta stjórnusambandsstöðin er þegar reist hér og starfrækt af þolinmæði og dugnaði, og áreiðanlega óskum við þess öll er dáum Nýal, að henni takist að halda merkinu hátt og finna leiðir til þess að greiða úr verstu lífsflækjunum, svo lífsstefnan sigri að lokum. Annars held ég að þekkingin verði aldrei það afl er snýr lífinu til betri vegar. Það getur ekkert afl nema kærleikurinn. Sá kærleikur, sem fyrirgefur allt, umber allt og vonar allt, en að sjálfsgöðu eru þekking og sannleikur honum ómetanlegar stoðir.

#### Um tvífara.

Fyrir stuttu keypti ég bókina „Lífið og ódauðleikinn“, erindi eftir Harald Nielsson, gefin út '51. Ég vildi mælast til þess að Nýalssinnar læsu og ræddu síðan, sem og fleiri bækur er ég máskje drep á.

Í einu erindinu „Svipir lifandi manna“ eru frásögur er stappa nærri sönnunum á skoðunum mínum á sambandi sálar og líkama og sálförum. Ætla ég að drepa á eitt atriði af mörgum, og gerðist það í kvennaskóla árið 1845—46. Ein kennslukonan hét Emilie Sagée, frönsk, vel menntuð og vinsæl vegna prýðilegs dagfars. Brátt fór að bera á því að hún sást á tveimur stöðum í einu. Eitt sinn t. d. voru allar námsmeyjarnar 42 að tölu við handavinnu í stórum sal, með glerhurðum út að blómagarði og sat ein kennslukona hjá þeim, en úti í garðinum sáu þær ungfrú Sagée við að tína blóm. Brátt fór þó kennslukonan út úr herberginu, svo stóll hennar var auður. Sást þá allt í einu ungfrú Sagée sitja í stólnum. Litu þá stúlkurnar út í blómagarðinn og sáu hana þar einnig að sama verki og áður. Þó var sá munur á, að nú var hún mjög þreytuleg í hreyfingum, eins og magnþrota maður mundi vera. Þá litu þær aftur á kennarastólinn, og þar sat önnur ungfrú Sagée, svo raunveruleg á að líta að ekki var unnt að ímynda sér annað en hægt væri að þreifa á henni. Nú gengu tvær þær hugrökkustu að henni og þreifudu á henni. Þær fullyrtu að þær fyndu ofurlitla mótstöðu. Önnur þeirra gekk því næst fast framan að stólnum og fór í gegnum nokkurn hluta hennar. Svipurinn var þó kyrr nokkra stund eftir að hún hafði gjört það. Að lokum hvarf hann smám saman og þá tóku stúlkurnar eftir því að ungfrú Sagée fór að tína blómin með sama fjöri og hún var vön. (Stytt af mér).

### Um lífgeislunarmyndir.

Mér virðast lífgeislunarmyndirnar, á hátíðnisviðinu ákaflega merkilegar og dettur í hug í því sambandi, að ég las einhvern tíma bók er látinn unnusti Gracy Rosher skrifar í gegnum hana, að hann telur ekki langt þangað til framlífið sannist, að mig minnir, sérstaklega með myndatökum á hátíðnisviði, eða því um líkt. Fróðlegt væri að vita hvort þeir er yfir slíkri tækni ráða, geta ekki myndað sýnir skyggns fólks. Ólíklegt er að ekki hefði verið hægt að mynda svip ungfrú Sagée, er svo til allir sáu.

*Páll H. Arnason, Vestmannaeyjum, 1974.*

### Um ferðir fljúgandi diska.

Hvað held ég annars um raunveruleika fljúgandi diska?

Já, það er nú það. Ég er sennilega að verða of „fullur“ af kenningum um þá, en samt hef ég þó enn sem komið er fast mótaðar skoðanir um þá. Þegar á manni bylur hundruð bréfa mánaðarlega hvaðanæva úr heiminum getur verið að maður riði svólítið til. En hvað um það, ég held að þeir þ. e. a. s. FFH séu knúnir vélarafli hluta ferðarinnar. Kannski í upphafi og síðan við lendingu og flugtak á öðrum plánetum. En þeir séu drifnir áfram af vélarafli alla ferðina finnst mér út í hött. Ef svo væri gætu farþegar slíkra tækja allt eins farið fótgangandi. Markmið manna á öðrum plánetum með komu sinni hingað eru vafalítið eins margþætt eins og ferðir þeirra eru margar. Rannsóknir á spendýrinu maður, á jurtagróðri, veðurfari og jarðsögu hnattarins. Ég get vel fallist á það að þeir komi hingað hamförum, það skiptir mig engu máli hvaða nafni það nefnist, en það er greinilegt, samkvæmt frásögum sjónarvotta, að þeir eru algjörlega óháðir þeim lögmálum sem við þekkjum. Þeir geta horfið á staðnum ummerkjalaust eða skilið eftir sig sviðna jörð. Þeir geta breitt um stefnu á hraða sem svarar til mach 1 og uppúr, um 90 gráður. Að við getum horft á þá með annarra augum finnst mér einnig koma til greina en það er svo margt sem bendir til hins gagnstæða að ég fer varlega í fullyrðingar um það.

*Karl E. Vernharðsson, Akureyri,*

*(formaður H.Í.R.O.N. = [Hin íslenska rannsóknarstofnun óþekktra náttúruyfyrirbæra]).*



# Rit Félags Nýalssinna

## til sölu og dreifingar

### Líf er á öðrum stjörnum

eftir Þorstein Guðjónsson. 68 bls. Undirstöðuatriði kenninga Nýals tengdar því, sem áunnist hefur í vísindum á síðari árum. — Verð kr. 200,00.

### Miðgarður

Tímarit með greinum í anda Nýals. Fyrsta hefti kr. 200,00. Annað hefti kr. 300,00.

### Félagsblað Nýalssinna

Ætlað félagsmönnum. Flest eldri hefti eru enn til af blaðinu.

### Lífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur. Áætlað er að 5 hefti komi út á árinu 1975, 36 bls. hvert hefti. — Áskriftargjald 1975 er kr. 500.00.

### Íslenzk stefna

Tímarit, gefið út á árunum 1951—1963. — Nokkur hefti eru enn fáanleg.

### FÉLAG NÝALSSINNA

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765

Pósthólf 1159, Reykjavík.

# Orðsending til félagsmanna

**SJÁLFBODASTARF:** Ef einhver ykkar, kæru félagar, hefur ástæður til að leggja fram eitthvert starf í þágu félagsmála, þá er það mjög vel þegið. Ýms störf bíða slíkrar aðstoðar. Nefna mætti sem dæmi:

*Vélritun* miðilsfunda, sem teknir eru upp á segulbandsspólur.

*Áskriftasöfnun.* Aflið *Lífgeislum* og *Miðgarði* sem flestra áskrifenda. Þessum ritum er ætlað að ná til sem flestra í landi okkar.

*Dreifing Lífgeisla* í sölustaði bæði á Reykjavíkursvæðinu og úti um land, og eftirlit með þeirri sölu á hverjum stað. Mjög vantar fólk til slíkrar aðstoðar.

Kæru félagar. Leggið sem flestir hönd að verki. Verkefni félags okkar eru mörg, en of fáir hafa hingað til orðið til að sinna þeim. Reynið sem flestir að verða virkir félagar. Leggið fram ykkar skerf til allra mála. Þjóðið fram aðstoð ykkar og hafið samvinnu við stjórn félagsins um þau verkefni, sem helst mundu henta ykkur hverjum og einum.

*Söngur og bljómlist.* Félaginu hefur verið gefið vandað hljóðfæri, *flygill* (Pétur Gíslason, Eyrarbakka). Er því í rauninni komin aðstaða til söngæfinga í húsnæði félagsins. Ef einhverjir hafa kunnáttu og áhuga og aðstæður til að koma slíkum æfingum af stað, þá mun stjórn félagsins vilja mjög stuðla að slíku.

Hljómlistarflutningur, ætlaður tiltölulega fámennum hópum hljómlistarunnenda kæmi einnig til greina, og þyrfti ekki að vera bundið félagsmönnum einum.



*Bústaðaskipti.* Vinsamlega tilkynnið bústaðaskipti. Því aðeins er hægt að koma blöðunum og öðru efni til ykkar, svo sem fundarboðum og öðrum dreifibréfum, að þið látið félagið strax vita um breytt heimilisföng.

*Efni til birtingar.* Sendið félaginu efni til birtingar í Félagsblaðinu og í Lífgeislum, svo sem drauma, frásagnir af hvers konar fyrirbærum o. fl. Einnig greinar um hvað eina, sem ykkur er efst í huga.

*Samband við félagið.* Hafið sem flest samband við félagið. Látið í ljós álit ykkar á ýmsum eignum er varða félagsstarfið og málefni Nýalsstefnunnar. Gagnrýni er þar ekki undanþegin. Skrifðið félaginu. Allar ábendingar frá ykkar hálfu eru stjórn félagsins kærkomnar.

*F. b. Félags Nýalssinna,  
Pósthólf 1159, Reykjavík.  
Ingvar Agnarsson.*

## Prentvilla leiðrétt

Í Lífgeislum, nr. 2, er prentvilla á bls. 66: Þrándur, formaður, en á að vera: *Þrándur, fornmaður*. Sama prentvilla hefur endurtekið sig í efnisyfirliti á öftustu síðu.

# Um greiðslu félagsgjalda

Enn eiga talsvert margir félagsmenn eftir að greiða gjöld sín fyrir árið 1975 og raunar einnig nokkrir fyrir s. l. ár, þó farið sé að síga á seinni árshelminginn.

Svo virðist sem margir félagsmenn geri sér ekki nægilega ljóst hve greiðsla árgjaldanna er óhjákvæmilegt undirstöðuatriði félagsstarfsins. Allt sem gert er, hvort sem er að halda fundi, auglýsa fundi, gefa út blöð, senda út blöð o. s. frv. kostar fé og það ekki lítið. Hver sá sem óskar þess að félagið starfi verður því að greiða árgjöld sín skilvíslega. Innkomin félagsgjöld undanfarin ár hefðu sjaldnast hrokkið fyrir brýnustu útgjöldum ef ekki hefðu komið til aukaframlög nokkurra örláttra félagsmanna. Slíkt ástand er ekki viðunandi til frambúðar. Svo þarf sem fyrst að verða að innkomin lágmarksgjöld nægi fyrir öllum venjulegum útgjöldum og þó betur þegar fram líða stundir, en gjafir og áheit yrðu þá notuð til aukinnar framsóknar.

Félagsgjöld þessa árs eru kr. 4.000.00 og getur varla talist mikið miðað við verðlag (rúmar 300 kr. á mánuði), en myndi þó duga sæmilega ef allir greiddu skilvíslega.

Nokkrum félagsmönnum hafa nýlega verið sendir gíróseðlar fyrir ógreiddum árgjöldum og fleiri munu fá þannig sendingar bráðlega. Bregðist nú vel við, félagar, og sendið greiðslu sem fyrst. Munið utanáskriftina:

FÉLAG NÝALSSINNA  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

*Helgi Guðlaugsson, gjaldkeri.*





# Lífgeislar

## ORÐSENDING

## TIL NÝALSSINNA

Tímaritið **LÍFGEISLAR**, fyrsta hefti er komið út og er ætlunin að þau verði a. m. k. fimm á þessu ári.

Áskriftargjald er **kr. 500,00** fyrir þetta ár, og verður ritið sent kaupendum þeim að kostnaðarlausu.

Kæru félagar, reynið hver og einn að afla **LÍFGEISLUM** sem flestra áskrifenda. Þið munuð hafa tækifæri til þess, hvar sem þið eigið heima á landinu. Skriðið félaginu og biðjið um áskriftarkort.

Ætlunin er einnig að **LÍFGEISLAR** verði til sölu í bóka-verslunum og í blaðsölum, bæði í Reykjavík og úti um land. Eintakið kostar í lausasölu **kr. 100,00**.

Þeir félagar, sem svo eru settir úti á landsbyggðinni, í kaupstöðum eða kaптúnum, að geta komið **LÍFGEISLUM** í slíka sölustaði, og eru fúsir til að leggja af mörkum einhverja fyrirhöfn í því sambandi, eru hér með beðnir að hafa samband við félagið.

Kæru félagar, stuðlið að því, hver eftir sinni getu, að **LÍFGEISLAR** geti orðið útbreitt tímarit.

## FÉLAG NÝALSSINNA

PÓSTHÓLF 1159 — REYKJAVÍK

## EFNISYFIRLIT

Gígurinn mikli í Arizona (sjá forsíðumynd) I.A. ....	Bls. 58
Félagsfundur 7. maí 1975 .....	— 59
Rætt um miðilsfund að Flúðum.	
Rætt um guðdóm (Hyperzoon).	
Félagsfundur 4. júní 1975 .....	— 60
Rætt um ferð að Gröf í Laugardal.	
Félagsfundur 2 júlí 1975 .....	— 62
Rætt um skýrslu Erlends Haraldssonar, um samþykkt presta- stefnu og um fljúgandi diska.	
Ýmsir atburðir .....	— 64
Atburðir í maí 1975. P.G.	
Atburðir í júní 1975. P.G.	
Atburðir í júlí 1975. P.G.	
Skoðunarferð að Gröf í Laugardal R.P. ....	— 71
Að hafa hnattaskipti P.G. ....	— 73
Ábyrgð Nýalssinna I.A. ....	— 75
Um spádrauma .....	— 76
Inngangur og spurningar. I.A.	
Berdreymi. K.P.	
Allir draumar eru sambandseðlis. H.B.	
Stilliáhrif og spádraumar. P.Á.	
Draumar um ókomna hluti. G.G.	
Spá um Titanic-slysið. P.Á.	
Tilveran byggist á endurtekningum. P.J.	
Lesendabréf .....	— 82
Nýr skilningur eftir lestur Nýals. Æðri ómar í draumi.	
Um fóstureyðingar. G.G.	
Raddir framliðinna á segulbandsspólum. P.Á.	
Stjörnusambandsstöð á Seltjarnarnesi. P.H.	
Hugboð um veiði. Álagablettir. G.P.	
Þekking og kærleikur. Um tvífaru. Um lífgeislunarmyndir. P.H.Á.	
Um ferðir fljúgandi diska. E.K.V.	
Rit Félags Nýalssinna til sölu og dreyfingar .....	— 87
Orðsending til félagsmanna I.A. ....	— 88
Um greiðslu félagsgjalda H.G. ....	— 90
Lífgeislar, orðsending til Nýalssinna .....	— 91

---

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
 Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar  
 kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.